

Námsaðlögun

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eiga skólar að mennta og stuðla að þroska allra nemenda og hafa jafnrétti til náms sem grundvallarviðmið. Grunnmarkmiðin eru þau sömu fyrir alla nemendur skólans en mismunandi leiðir farnar og ólíkar aðferðir notaðar til að ná settum markmiðum.

Leiðir

Við upphaf skólagöngu og komu nýrra nemenda þarf að hjálpa þeim að takast á við nýtt umhverfi gegnum leik og starf. Styrkja þarf ímynd þeirra og efla sjálfstraust, svo að þeir aðlagist betur nýjum vinnustað og séu færari um að takast á við ný verkefni við framaní aðstæður. Styrkja þarf þá sjálfsögun sem er hverjum manni nauðsynleg og er forsenda þess að geta stundað nám í samvinnu við aðra og átt samskipti við fólk.

Dagskipunin þarf að liggja ljós fyrir. Þá þarf skýran og ákveðinn ramma sem er unnið innan til að ná settum markmiðum. Undirbúningur þarf að vera fullnægjandi, námsefni við hæfi og nemendum kennt að skipuleggja bæði tíma sinn og vinnu og hafa gott skipulag á gögnum og munum.

Fjölbreyttar kennsluáðferðir eru nauðsynlegar því þær eru líklegri til að skila betri árangri heldur en einhæft kennsluform. Ýmsir möguleikar eru fyrir hendi hverju sinni á útfærslu viðfangsefna, þar sem fjölbreyttar aðferðir í kennslu eru líklegri til að laða fram áhuga nemendanna á viðfangsefninu og hvetja þá til dáða. Slíkt mun leiða af sér meiri starfsvilja sem er forsenda vellíðunar og sjálfsöryggis. Þannig skapast jafnvægi milli nemendanna og afslappað og velviljað andrúmsloft í námsumhverfinu. Í kennslunni þarf að hafa í huga að einstaklingarnir eru ólíkir að getu og í viðhorfum og að þeir tileinka sér nám á mismunandi hátt.

Vel skipulögð og margþætt vinnubrögð eiga að stuðla að virkri námsaðlögun og skilvirkara skólastarf.

Fyrir utan einstaklingsvinnu er hægt að nýta sér paravinnu og hópastarf í kennslunni. Jafnframt er mikilvægt að kennarar noti aðferðir eins og þemanám, samvinnunám, uppötvunarnám og söguáðferð.

Þrepamarkmið, sem eru hluti af áfanganámi hjálpa bæði nemendum, foreldrum-/forráðamönnum og kennurum að meta stöðuna hverju sinni og finna út hvort um framfarir er að ræða eða ekki. Fyrir seinfærari nemendur má fjölga þrepunum og búta námsmarkmiðin og námsefnið enn meira niður. Á meðan geta þeir sem eru fljótir að tileinka sér námsefnið fengið viðbótarefni innan ramma viðfangsefnisins. Þar reynir m.a. í auknum mæli á framtakssemi nemandans og sjálfstæð vinnubrögð.

Símat/gátlistar (e.t.v. sjálfsmat) og mat/próf við lok hvers þreps og hverrar annar er mælikvarði á kennsluna og stöðu nemendanna.

Í sumum tilvikum koma börn í grunnskólann með skilgreindar sérþarfir. Það er þá skólans að mæta þeim með viðeigandi lausnum.

Í flestum tilfellum þurfa þessi börn sérstakan stuðning í námi og jafnvel einstaklingsnámskrá. Skólinn metur hverju sinni hvernig best sé að mæta sérþörfum nemenda og oft er það gert í samráði við sérfræðinga og fagfólk sem annað hvort þekkir sérstaklega til viðkomandi nemenda eða hafa það hlutverk að veita skóla faglega ráðgjöf. Sérþörfum er að mætt á ýmsa vegu, allt frá stuðningi í námsumhverfi árgangs til kennslu í litlum hópi eða einstaklingslega í sérsniðnum aðstæðum.